

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

- I. Einstefnuakstur á eftirtöldum götum:
 1. Sjafnargötu frá Njarðargötu.
 2. Nýlendugötu frá vestri til austurs.
- II. Bifreiðastöður bannaðar á eftirtöldum götum:
 1. Laufásvegi, vestanmegin götunnar, frá Skothúsvegi að Hringbraut.
 2. Týsgötu, vestanmegin götunnar.
 3. Skúlagötu frá Geirsgötu að Skúlatorgi.
 4. Laugavegi frá Klapparstig að Smiðjustig.
 5. Vonarstræti, norðanmegin, frá Thorvaldsensstræti að Tjarnargötu.
- III. Biðskylda:
 1. Á Bjarnarstig við Skólavörðustíg.
 2. Á Vesturbrún við Brúnaveg.
 3. Á Bjarkargötu við Skothúsveg.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. maí 1963.

Sigurjón Sigurðsson.

SAMÞYKKT

fyrir Eyjafjarðarsýslu um eyðingu svartbaks.

1. gr.

Innan takmarka Eyjafjarðarsýslu skal svartbakur vera réttdræpur hverjum sem er og skal honum útrýmt með skotum. Þar sem æðarvarp er, eða í grennd við það, má þó ekki skjóta nema með leyfi og í samráði við jarðarabúanda.

2. gr.

Skýlt er hverjum jarðarabúanda að eyða öllum svartbakseggjum og ungum á landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, sem hann hefur umráð yfir, eins og kostur er. Hreppsnefnd skal hafa eftirlit með, að menn geri skyldu sína í þessu efni og sé um vanrækslu að ræða, lætur hún framkvæma eyðinguna á kostnað þess, er hana vanrækti.

3. gr.

Sérhverri hreppsnefnd sýslunnar er skýlt að hlutast til um eyðingu svartbaks í hreppnum og ráða þær í því skyni skotmenn eftir þörfum.

4. gr.

Fyrir hvern skotinn svartbak greiðir oddviti úr sveitarsjóði kr. 12.00. Skal skotmaður sýna hægri væng fuglsins til sönnunar fyrir því, að hann hafi drepð fuglinn, en oddviti brennir eða eyðileggur vængina þegar er hann hefur greitt skotmannslaun.